Nd. **528. Nefndarálit** [47. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Þegar lög um menntaskóla, sem nú gilda, voru sett fyrir þremur árum, var ákveðið, að stofna skyldi menntaskóla í sveit, þegar fé yrði veitt til þess í fjárlögum. Þótt þetta væri lögfest fyrir þremur árum, hefur Alþingi ekki séð sér fært að veita fé til að stofna slíkan skóla og ekki veitt nægilegt fé til endurbóta á húsnæði menntaskólans í Reykjavík.

Hins vegar hefur verið reist nýtt hús fyrir heimavistir við menntaskólann á Akureyri. Gerir það nemendum utan af landi auðveldara en ella að stunda þar nám. Jafnframt eykst húsrými þess skóla að miklum mun.

Meðan ekki reynist kleift að leggja fram fé úr ríkissjóði til að leysa þau verkefni á þessu sviði, sem þegar eru ákveðin, mundu ný lög um fjölgun menntaskóla varla verða framkvæmd.

Menntamálanefndin getur því ekki mælt með því, að frv. þetta verði lögfest nú, en leggur til, að deildin afgreiði það með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Alþingi hefur ekki séð sér fært að veita fé til menntaskóla í sveit samkvæmt lögum nr. 58 1946, um menntaskóla, og ekki nægilegt fé til nauðsynlegra endurbóta á húsnæði menntaskólans í Reykjavík, og með tilliti til þess, að menntaskólinn á Akureyri hefur nú betri aðstöðu en áður til að taka á móti nemendum utan af landi, telur deildin ekki ástæðu til að lögfesta þetta frumvarp nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. apríl 1949.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Sigfús Sigurhjartarson.
Sigurður Bjarnason. Barði Guðmundsson.

Fylgiskjal.

MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM

Reykjavík, 14. marz 1949.

Menntamálaráðuneytið hefur með bréfi 1. þ. m. sent skólamálanefnd til umsagnar frumvarp til laga á þskj. 60 um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Árið 1947 var nefndinni sent til umsagnar frumvarp sömu flutningsmanna um fjölgun menntaskóla á Íslandi, og svaraði nefndin því með bréfi til menntamálanefndar efri deildar, dags. 29. nóv. 1947. Fylgir bréf þetta hér með, þar eð skólamálanefndin er enn í öllum höfuðatriðum þess sömu skoðunar og þá, og upplýsingar þær, sem gefnar eru í bréfinu, standa í fullu gildi.

Frumvarpið í núverandi mynd er að dómi skólamálanefndar mun aðgengilegra en áður, þar eð tekið er fram í því, að ákvæðin um hina nýju skóla komi þá fyrst til framkvæmda, er fé er veitt til þeirra í fjárlögum.

Skólamálanefnd telur það engan veginn sjálfsagt, að menntaskóli skuli reistur að Laugarvatni, þegar þeir tímar koma, að slíkur skóli verði settur á stofn á Suðurlandi. Ýmsir aðrir staðir geta komið þar til greina, svo sem t. d. Skálholt.

Eins og segir í bréfi nefndarinnar frá 29. nóv. 1947, þá virðist ekki enn tímabært að fjölga menntaskólum á landinu. Við það, að menntaskólarnir í Reykjavík og á Akureyri verða aðeins 4 ára skólar, munu þeir geta veitt árlega viðtöku fleiri nemendum en áður. Þó má ekki ætla, að í hvorum þessara skóla um sig verði fleiri nemendur en 450. Í menntaskólanum í Reykjavík verður þess vafalaust skammt að bíða, að hann geti ekki rúmað fleiri nemendur. En í menntaskólanum á Akureyri mun enn um hríð rúm fyrir nemendur víðs vegar að af landinu, og margir þeirra eiga kost á heimavist í ágætum húsakynnum, þegar hið nýja heimavistarhús verður fullsmíðað. Mætti ætla, miðað við reynslu undanfarinna ára, að aðstandendum mundi ekki dýrara að kosta dvöl nemenda þar heldur en á Ísafirði, Eiðum eða Laugarvatni. Þegar að því líður, að menntaskólinn á Akureyri verði fullskipaður, þá mun fyrst þörf á fleiri menntaskólasetrum.

Skólamálanefndin er sammála ýmsu því, er segir í greinargerð frumv., og telur ekki ástæðu til að gera fleiri athugasemdir. Þó skal það tekið fram samkvæmt upplýsingum frá íþróttafulltrúa ríkisins, að íþróttahúsið á Ísafirði bætir ekki að fullu úr þörf þeirra skóla, sem þar eru fyrir, og svipað er að segja um íþróttahúsið að Laugarvatni.

Fyrir hönd milliþinganefndar í skólamálum

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson.

Til menntamálaráðuneytisins.

Afrit.

MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM

Reykjavík, 29. nóv. 1947.

Hæstvirt menntamálanefnd efri deildar hefur með bréfi 17. þ. m. sent milliþinganefnd í skólamálum frumvarp til laga á þskj. 75 um breyting á lögum nr. 58 1946, um menntaskóla.

Milliþinganefnd telur ekki enn tímabært, að frv. þetta verði að lögum, af ástæðum þeim, sem hér greinir:

1. Í vetur starfa 1. bekkir gagnfræðadeilda menntaskólanna í Reykjavík og á Akureyri í síðasta sinn og leggjast gagnfræðadeildir skólanna því niður af sjálfu sér um leið og þeir nemendur, sem þar eru nú, útskrifast. Í menntaskólanum í Reykjavík eru nú 64 nem. í gagnfræðadeild og 185 í gagnfræðadeild menntaskólans á Akureyri, eða samtals 249 nemendur. Þegar þeir fara úr skólanum, má taka allt að því jafnmarga nem. til viðbótar í lærdómsdeildir skólanna.
2. Þegar heimavistarhús menntaskólans á Akureyri verða tilbúin, er gert ráð fyrir því að breyta núverandi heimavistarhúsnæði í skólastofur. Telur skólameistari, að auðvelt verði þá að taka um 500 nemendur í skólann. Í báðum menntaskólunum gætu þá verið um 950 lærdómsdeildarnem. í stað 537 nú.
3. Skólastjórar menntaskólanna hafa tjáð fræðslumálastjóra — vegna fyrirspurnar í Alþingi frá Sigurjóni Á. Ólafssyni alþm. — að síðastliðin 3 ár hafi þeir ekki þurft að synja neinum nemanda um setu í lærdómsdeild skólanna.
4. Eins og sakir standa er mikill hörgull á kennurum fyrir menntaskólana, sem fyrir eru, svo að torvelt yrði að fá kennara að fleiri menntaskólum. Auk þess þarf hlutfallslega langtum fleiri kennara við minni skóla en stærri. Nefndin hyggur þó, að 500 nemendur sé hámarkstala í menntaskóla.
5. Augljóst er, að kostnaður við stofnun og rekstur lítilla menntaskóla er hlutfallslega miklum mun meiri en hinna, sem stærri eru.
6. Af hjálagðri skýrslu má draga þær ályktanir, að aðsókn mundi enn of lítil að menntaskólum á Ísafirði og að Eiðum. Tala lærdómsdeildarnemenda er nú 537, eða um 4 af hverju þúsundi landsmanna. Gerum ráð fyrir, að menntaskóli á Ísafirði yrði sóttur af Ísfirðingum, úr Ísafjarðarsýslum, Barðastrandar- og Strandasýslu, þar sem heima eiga tæpar 12 þús., þá yrðu það 48 nemendur eða 12 að meðaltali í hvern bekk. Ef Norðmýlingar, Sunnmýlingar, Austur-Skaftfellingar, Seyðfirðingar og Norðfirðingar sæktu menntaskóla að Eiðum, mætti ætla, með sams konar útreikningi, að nemendur yrðu um 40, eða 10 í bekk. Með dreifðum menntaskólum um landið kynni hlutfallstalan að fara upp í 5 af þúsundi, en 15 manna og 12 manna bekksagnir að meðaltali væri þó enn of lítið. Við breyttar aðstæður, meiri völ kennara og stórum hærri íbúatölu á Vestfjörðum og Austfjörðum telur milliþinganefndin hugmyndina um menntaskóla á Ísafirði og að Eiðum eiga rétt á sér.

Stofnun menntaskóla í sveit í Sunnlendingafjórðungi, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, er þegar framkvæmanleg samkv. núgildandi lögum um menntaskóla.

F. h. milliþinganefndar í skólamálum

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson.

Til menntamálanefndar efri deildar, Alþingi.

Skýrsla um nemendafjölda í menntaskólum 1946—47 o. fl.

Kaupstaður/sýsla	Íbúar 1946	Nem.fjöldi Rvík	Ak	1946—47 Alls	%	Stúdentar MA. sl. 20 ár	= %
Reykjavík	48 954	329	16	345	0.70	29	0.06
Hafnarfjörður	4 466	17	5	22	0.49	5	0.11
Akranes	2 321	3	4	7	0.30	—	—
Ísafjörður	2 870	6	2	8	0.28	27	0.94
Siglufjörður	2 967	1	15	16	0.54	24	0.81
Ólafsfjörður	915	—	5	5	0.55	—	—
Akureyri	6 180	—	112	112	1.81	108	1.79
Seyðisfjörður	811	—	7	7	0.86	14	1.45
Norðfjörður	1 243	2	3	5	0.40	—	—
Vestmannaeyjar	3 478	6	1	7	0.20	4	0.12
Alls í kaupstöðum	74 205	364	170	534	0.72	211	0.28
Gullbringu- og Kjósarsýsla	7 052	12	7	19	0.27	5	0.07
Borgarfjarðarsýsla	1 247	4	2	6	0.48	5	0.40
Mýrasýsla	1 788	3	8	11	0.62	2	0.11
Snæf.- og Hnappadalssýsla	3 194	3	1	4	0.12	3	0.09
Dalasýsla	1 293	—	—	—	—	9	0.70
A.-Barðastrandarsýsla	2 786	—	1	1	0.18	18	0.65
V.-Barðastrandarsýsla			4	4			
V.-Ísafjarðarsýsla	4 204	—	2	2	0.24	18	0.81
N.-Ísafjarðarsýsla			8	8		16	
Strandasýsla	2 089	—	1	1	0.05	6	0.29
V.-Húnavatnssýsla	3 422	1	4	5	0.47	28	0.82
A.-Húnavatnssýsla		2	9	11			
Skagafjarðarsýsla	3 731	—	34	34	0.91	36	0.96
Eyjafjarðarsýsla	4 401	—	21	21	0.47	75	1.70
S.-Þingeyjarsýsla	5 770	—	27	27	0.74	57	1.20
N.-Þingeyjarsýsla		—	16	16		12	
N.-Múlasýsla	2 481	1	6	7	0.28	23	0.93
S.-Múlasýsla	4 071	2	8	10	0.24	23	0.56
A.-Skaftafellssýsla	1 129	—	—	—	—	3	0.27
V.-Skaftafellssýsla	1 499	2	1	3	0.20	1	0.07
Rangárvallasýsla	3 062	4	5	9	0.29	4	0.13
Árnessýsla	5 318	5	5	10	0.19	10	0.02
Alls í sýslum	58 545	39	170	209	0.36	354	0.60
Á öllu landinu	132 750	403	340	743	0.56	565	0.43

NB. Í 6. og 7. dálki eru stúdentar frá Akranesi, Ólafsfirði og Norðfirði taldir með í sýslunum sem þeir tilheyrðu áður en þeir fengu kaupstaðarréttindi.